



Framkvæmda- fréttir 27. tbl. /04

Umferðaröryggi, skilar áróður einhverju?





Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri framkvæmda-sviðs Vegagerðarinnar skrifar

Þegar rætt er um forvarnir í umferðaröryggismálum þá beinist umræðan oftast að áróðri, löggæslu og vegabótum. Sitt sýnist hverjum um hvað virkar best. Margir segja að áróður og upplýsingar til vegfarenda sé besta forvörnin.

Aðrir vilja meiri löggæslu og hærri viðurlög við umferðarlagabrotum. Flestir eru á því að vegabætur, betri merkingar og þjónusta fækki slysum. Að mínu mati hafa allir rétt fyrir sér að vissu marki. Rannsóknir hafa sýnt að áróður án annarra aðgerða skilar litlu. Áróðurinn breytir viðhorfi en þar með er ekki sagt að atferlið breytist. Það hefur sýnt sig í gegnum árin að til þess að breyta hegðun manna í umferðinni þá dugar best virkt eftirlit og viðurlög sem hafa áhrif. Viðurlög við umferðarlagabrotum eru mjög lítil hér á landi og virka ekki sem forvörn. Nú hefur Umferðarstofa staðið fyrir vel útfærðum áróðri í blöðum, útvarpi og sjónvarpi sem hefur haft áhrif á viðhorf manna gagnvart hraðakstri og ölvunarakstri. En skyldi þessi áróður hafa haft áhrif á hegðun ökumanna í akstri á þjóðvegum? Vegagerðin hefur sett upp umferðargreina á mörgum stöðum á þjóðvegum sem mæla hraða bifreiða. Hér á eftir er gerður samanburður á meðalhraða ökumanna á

þrettán stöðum í júní, júlí og ágúst fyrir árin 2003 og 2004. Einnig er gerður samanburður á 85 % hraða en það er sá hraði sem 15 % ökumanna aka á eða hraðar. Með þessum samanburði má sjá hvort áróðurinn hefur haft áhrif til lækkunar á hraða á milli ára.

Þessi samanburður virðist sýna greinlega að þessi áróður hefur ekki haft áhrif á ökumenn til lækkunar á hraða. Hér virðist það sannast að góður vilji er ekki nógur til að breyta atferli, það þarf einnig að koma til virkt eftirlit og réttlát viðurlög sem hafa þau áhrif að menn hugsa sig tvisvar um áður en lög eru brotin aftur. Til þess að ná árangri þarf virkt samstarf allra aðila sem kom að umferðaröryggisstarfinu og þá sérstaklega samgönguráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins þannig að það fari saman áhrifaríkur áróður, virkt eftirlit, réttlát viðurlög og betri vegir og þjónusta. Þetta allt verður að haldast í hendur til þess að fólk skilji tilganginn.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 27. tbl. 12. árg. nr. 384 27. september 2004

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Ráðstefna um bundið slitlag



Ingvi Árnason deildarstjóri í Borgarnesi skrifar

Ég átti þess kost að sækja ráðstefnu og sýningu á vegum *Asphalt Pavement Alliance (APA)* í Nashville, Tennessee, USA dagana 15.-18. mars sl.

Atburðurinn nefndist. *World of Asphalt, Show & Conference.*

Dagskráin var fjölbreytt og skiptist í nokkra efnisflokk.

Ráðstefnuhlutinn nefndist *APA Asphalt pavement Conference: 21st Century Construction* og stóð hún yfir mánudag 15. mars og þriðjudag 16. mars.

Sýningin *World of Asphalt 2004 Show Exhibit Hours* stóð yfir í þrjú daga frá þriðjudegi til fimmtudags. Miðvikudaginn 17. mars var málþing um umhverfis- og öryggismál *Environment, Health & Safety*. Fimmtudag 18. mars var alsherjafundur um steinefni á vegum *National Stone, Sand & Gravel Association (NSSGA)*. Eftir hádegi þann sama dag var farið út í mörkina og fylgst með útlögn á malbiki og stór steinefnanáma skoðuð.

Ráðstefnan var fræðandi og mörg mál voru tekin fyrir. Hér á eftir verður greint frá því markverðasta.

Fræðsla

Fræðslu- og samræmingarmál voru til umfjöllunar þar sem meðal annars kom fram að „fjarkennsla“ hefur nýst vel við fræðslu og innleiðingu á nýjum stöðlum og reglum.

Aukin ábyrgð verktaka

Fyrirkomulag verktöku var til umfjöllunar í erindinu *Contracting Practices – Low Bid to Design/Build*. Þar var fjallað um reynslu af mismunandi fyrirkomulagi á útboðum bæði frá sjónarhóli verkkaupa og verktaka.

„Lægsta boð“ (LB) fyrirkomulag:

- Ávísun á stöðnun, frumkvæði verktaka verður lítið sem ekkert.
- Verkkaupi verður að hafa frumkvæði að öllum nýjungum.
- Verkkaupi þarf að bera alla ábyrgð á verkinu, aðra en þá sem rekja má til galla eða vanefnda að hálfu verktaka.



Allir helstu framleiðendur búnaðar voru með sitt nýjasta nýtt á sýningunni.

- Verktakar verða uppteknir af því einu að komast af á markaðnum, að vinna verkin eins ódýrt og mögulegt er.
- Hvati til innleiðingar á nýjungum er lítill sem engin.
- Staðlar og viðmið sem unnið er eftir virka í sumum tilfellum beinlínis hamlandi á þróun.

Með því að lengja ábyrgðartíma verktaka og auka svigrúm þeirra hvað varðar lausnir hefur tekist að sníða verstu agnúana af LB verkum. Verktakar þurfa þá að tryggja að verk þeirra endist í stað þess að framleiðsla þeirra standist tilteknar „kröfur“ sem ekki eru alltaf réttur mælikvarði á gæði.

„**Hanna og byggja**“ (HB) útboðsaðferðin hefur reynst vel. Aðferðin á helst við í stórum og flóknum verkum þar sem margar lausnir koma til greina. Helstu kostir við aðferðina eru:


- Verktími styttest, þar sem ekki er nauðsynlegt að fullnaðarhönnun liggja fyrir þegar verkið er boðið út og að framkvæmdir geta hafist þó að verkhönnun einstakra liða sé ekki lokið.
- Frumkvæði verktaka eykst þar sem það er hann sjálfur sem velur lausnirnar.
- Hvetur til nýjunga, fleiri fá tækifæri til að koma hugmyndum í verk.
- Ábyrgðin verður á einum stað.

Við val á verktökum í „Hanna og byggja“ útboðum hafa þeir breytt eftirfarandi forgangsröð við mat á verktökum og tilboðum:

- Fyrst fer fram forval, þeir aðilar sem talið er að hafi þekkingu og færni til að vinna verkið eru valdir og þeim gefinn kostur á að bjóða í verkið.
- Verkið boðið út. => Fram fer tæknilegt mat á þeim lausnum sem tilboðin innifela.
- Tilboðsupphæð metin með hliðsjón af tæknilegri lausn.

Fulltrúi verktaka benti á að rík tilhneiging er að hafa „HB“ útboð stór, það stór að minni verktakar geti ekki verið með. Verða þeir að stóla á að komast að sem undirverktakar. „HB“ útboð þurfa ekki alltaf að vera stór. Útboðsaðferðin á vel við verk þar sem möguleiki er á að beita mismunandi lausnum, jafnvel þó verk séu ekki umfangsmikil.

Fram kom að „Lægsta boð“ verður áfram aðal útboðsformið fyrir minni verk sem eru vel afmörkuð og stöðluð, en nauðsynlegt er að auka/lengja ábyrgð verktaka á verkum sínum til að tryggja gæði þeirra.



Gestum var boðið að vera viðstaddir sýningu á malbiksútlögn þar sem var lagt út með um 80 °F lægra hitastigi en notað er við hefðbundið malbik.



Af öryggisástæðum var útlögnin mynduð og fylgdust gestir með útlögninni á stórum skjá við hlið vinnusvæðisins.



Mýkingarefni, „ASPHA – MIN“ blandað í bikið.



Unnið að útlögn. Takið eftir, enginn reykur!



Þjöppun mæld.

Eftirlit, rannsóknir, gæðamál og vottun

Fjallað var um útboð á eftirliti og rannsóknnum. Fram kom að útboð á eftirliti og rannsóknnum er algengara í stórum verkum en smáum og að með aukningu útboða hefur kostnaður sem hlutfall af samningfjárhæð lækkað úr 18% - 12%. Takmarkið hjá þeim er að lækka þennan kostnað í 10%. Umræður hafa verið um að auka völd og þar með ábyrgð aðkeypra aðila í eftirliti. En stofnanirnar hafa verið tregar að sleppa tökunum.

Þá var fjallað um eftirlit, gæðastýringu, gæðavottun efna og aðferða og samræmingu prófunaraðferða og úttekta og hina eilífu leit að hinu eina sanna prófi sem „skiptir máli“. Engin sérstök niðurstaða kom út úr þessari umfjöllun. Frekar var þetta þörf áminning um að ekkert sé fullkomið.

Fjallað um „Samþykktuferli“ við val verktaka og við úttektir og prófanir á tækjum og framleiðslu. Megin niðurstaða fyrirlesara var sú að samþykktuferlið þarf að vera vandað og öruggt þar sem það er grunnur að ákvörðunum um val verktaka og uppgjóri verkanna.

Viðtæk umfjöllun

Eins og nefnt var í upphafi þessa pistils var ráðstefnan fjölþætt. Var efnisumfjöllun miðuð við marga ólíka markhópa, s.s. kaupendur, framleiðendur, fræðimenn og almenna starfsmenn á þessu sviði.

Undir nafninu *The People, Plants & Paving Training Programme* voru sérstök námskeið fyrir hina ýmsu starfsmenn sem koma að framkvæmdum á þessu sviði, allt frá starfsmannastjórnun, eftirliti, rannsóknnum og mælingum og að einstökum

sérhæfðum verkum. Alls var boðið uppá 35 mismunandi efnisflokkum á þessum námskeiðum sem stóðu yfir í þrjú daga.

Önnur atriði sem tekin voru fyrir á ráðstefnunni voru þessi helst:

Efnisvinnsla, þar sem farið var yfir helstu vinnsluáferðir við steinefnaframleiðslu. Bent var á mikilvægi réttar meðferðar efnanna í flutningi og allri meðhöndlun. Þá kom röð fyrirlestra um malbik, allt frá íblöndunarefnum, stýribúnaði við framleiðslu og útlögn á malbiki og nýjustu tækni við útlögn og völtum. Aðferðir við að auka nýtingu affallsefna í malbik var einnig til umfjöllunar.

Miðvikudaginn 17. mars var fjallað um öryggis- umhverfis- og vinnuverndarmál á sérstöku málþingi. Meðal annars var fjallað um nýjungar í blöndun malbiks þar sem blöndun og útlögn er framkvæmd með lækkuðu hitastigi. Þannig er hægt að losna við nær allan meingandi reyk og gufur.

Síðasta daginn, þann 18. var byrjað á fyrirlestri um steinefni og framleiðslu þeirra: *From Mother Nature to the Road - What to Expect Along the Way*. Eftir hádegi var farið út í mörkina og fylgst með útlögn á malbiki og stór steinefnanáma skoðuð.

Ekki verður farið í nákvæma upptalningu á öllum þeim atriðum sem fjallað var um hér í þessum pistli. Vísað er til heimasíðu APA: <http://www.asphaltalliance.com/> þar er að finna nánari lýsingu á efni ráðstefnunnar.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur	05
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	05
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	05
04-071 Auðsholtsgvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	04
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	04
04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	04

Útboð sem hafa verið auglýst Auglýst: Opnað:


04-068 Meðallandsvegur (204), Þykkvibær - Grenlækur	27.09.04	12.10.04
---	----------	----------

Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	30.08.04	14.09.04
04-070 Eyjafjarðarbraut eystri (829) um Möðruvelli	30.08.04	14.09.04
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit	16.08.04	31.08.04
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04	27.07.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik, verk II og III	10.05.04	25.05.04

Samningum lokið Opnað: Samið:

04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi KNH ehf.	17.08.04	15.09.04
---	----------	----------



Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 20. september 2004. Samtals er búið að sprengja 982 m sem gerir 85%.

Auglýsingar útboða

Meðallandsvegur (204),

Þykkvibær - Grenlækur 04-068

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu Meðallandsvegur (204) á um 3,5 km löngum kafla frá Þykkvabæ að Grenlæk

Helstu magntölur eru:

Fylling	7.195 m ³
Fláafleygar	3.330 m ³
Skering	21.260 m ³
Neðra burðarlag	11.000 m ³
Efra burðarlag	2.260 m ³
Lögn stálræsa	36 m
Girðingar	5.000 m
Tvöföld klæðing	17.125 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. september 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. október 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Fáskrúðsfjarðargöng. Vegskáli í Fáskrúðsfirði.



Járngrind fyrir vegskála.